

## Svar

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um kynjaskiptingu í stjórnnum, ráðum og nefndum á málefnasviði ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er kynjaskiptingin í þeim stjórnnum, ráðum og nefndum sem starfandi eru á málefnasviði ráðherra? Óskað er upplýsinga um kynjaskiptingu í hverri nefnd, stjórn og ráði um sig.*

Undir málefnasvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins falla tíu fastanefndir, sex ráð, tvær úrskurðarnefndir, fimm stjórnir og ein rannsóknarnefnd. Kynjaskiptingu í stjórnnum, ráðum og nefndum sem starfandi eru á málefnasviði ráðherra má sjá í meðfylgjandi töflu.

Heiti	Aðalmenn/ Aðalmenn/		Samtals	Hlutfall/ Hlutfall/	
	kk	kvk		kk	kvk
Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga	2	1	3	67%	33%
Nefnd um samskipti ríkis og sveitarfélaga	3	1	4	80%	20%
Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	3	4	7	43%	57%
Reikningsskila- og upplýsinganefnd	2	3	5	40%	60%
Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál	5	5	10	50%	50%
Mönnunarnefnd skipa	4	1	5	80%	20%
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	6	0	6	100%	0%
Skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna	4	1	5	80%	20%
Undanþágunefnd frá atvinnuréttindum vélstjóra og skipstjórnarmanna	4	1	5	80%	20%
Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál <sup>1</sup>	6	5	11	55%	45%
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	4	3	7	57%	43%
Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála	1	2	3	33%	67%
Yfirfasteignamatsnefnd	2	1	3	67%	33%
Stjórn Þjóðskrár Íslands	2	1	3	67%	33%
Stjórn Byggðastofnunar	5	2	7	71%	29%
Stjórn Fjarskiptasjóðs	2	1	3	67%	33%
Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs	2	1	3	67%	33%
Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga	2	1	3	67%	33%
Netöryggisráð	5	6	11	45%	55%
Samgönguráð	2	1	3	67%	33%

<sup>1</sup> Skipunartími runninn út og verður skipað á ný á næstu dögum.

Heiti	Aðalmenn/Aðalmenn/		Samtals	Hlutfall/ Hlutfall/	
	kk	kvk		kk	kvk
Flugvirkarráð	5	5	10	50%	50%
Fagráð um flugmál	4	3	7	57%	43%
Fagráð um umferðarmál	13	11	24	54%	46%
Siglingaráð	9	2	11	82%	18%
<b>Samtals:</b>	<b>97</b>	<b>62</b>	<b>159</b>	<b>61%</b>	<b>39%</b>